

Nr. 1229

19. desember 2018

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

*Dalaþing 26a og 28. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarráð Kópavogsbærar samþykkt þann 23. ágúst 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalaþing 26a og 28. Í breytingunni felst að hámarkshæð fyrirhugaðrar nýbyggingar að Dalaþingi 28 verður lægri en í gildandi skilmálum og þak einhalla. Hæsta veghæð norðurhliðar hússins hækkar um 27 sm miðað við gildandi skilmála, en hámarkshæð útveggjar til suðurs lækkar miðað við gildandi skilmála um 86 sm. Húsið er dregið að hluta frá suðurmörkum lóðar. Í breytingunni felst jafnframt að Kópavogsbær gefur eftir 2 m af bæjarlandi sem er á milli lóðanna nr. 26 og 28 þannig að lóðarhafar geti sameinast um steyptan vegg á milli lóðanna.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hlíðasmári 11. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarráð Kópavogsbærar samþykkt þann 23. ágúst 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðasmára 11. Í breytingunni felst að veitt er heimild til að reisa 39 m<sup>2</sup> reiðhjólageymslu við norðurgafl hússins.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 19. desember 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2018